



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2013

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir árið 2013 liggur nú fyrir en það gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Hafa ber í huga að niðurstöður þess geta vikið frá endanlegu uppgjöri ríkissjóðs á rekstrargrunni þar sem tekið er tillit til álagðra tekna og áfallinna skuldbindinga eins og þær birtast í ríkisreikningi fyrir árið 2013.

Staða handbærs fjár frá rekstri var neikvætt um 14,4 ma.kr. sem er betri staða en árið á undan þegar það var neikvætt um 34,8 ma.kr. Innheimtar tekjur jukust um 38,4 ma.kr. milli ára og greidd gjöld um 24,6 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um 12,2 ma.kr. á móti 5,7 ma.kr. árið 2012.

Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að tekjur næmu 557,7 ma.kr. og gjöld 578,7 ma.kr. og handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 25,1 ma.kr. Um mitt ár var ljóst að áætlanir fjárlaga myndu ekki ganga eftir og voru áætlanir fyrir árið því endurmetnar. Meginniðurstaða endurmatsins á rekstrargrunni var að tekjur gætu lækkað um 23,8 ma.kr. einkum vegna lakari þjóðhagsspar og endurmats á tekjum af sölu eigna og arðgreiðslum. Þá lá fyrir að forsendur um tekjur af veiðigjaldi gengju ekki eftir á grunni gildandi laga. Á gjaldahlíð voru ýmsir veikleikar í forsendum fjárlaga metnir á um 13 ma.kr., þar af 4,5 ma.kr. vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs, útgjöld sjúkratrygginga 1,4 ma.kr. og útgjöld vegna jafnlaunaátaks 1,2 ma.kr. Á móti var talin lækkun vaxtagjalda um 7,5 ma.kr. og lækkun útgjalda vegna vaxtabóta um 2 ma.kr. Til að bregðast við þessari stöðu var jafnframt gripið til ýmsra aðgerða, svo sem lækkun framlaga til ófjármagnaðra verkefna á fjárfestingaáætlun um tæpa 4 ma.kr.

Í uppfærðri áætlun við afgreiðslu fjárukalaga var gert ráð fyrir 19,7 ma.kr. lækkun tekna á rekstrargrunni. Frávik frá fyrri áætlun kemur einkum fram í því að skattar á tekjur og hagnað urðu meiri en fyrr var talið. Innheimtar tekjur lækkuðu minna, eða um 14 ma.kr. frá fjárlögum. Gjaldahlíð fjárukalagafrumvarpsins lækkaði um 1,7 ma.kr. við þinglega meðferð þess. Annars vegar hækkuðu frumgjöld um 1 ma.kr. en á móti lækkuðu vaxtagjöld um 2,7 ma.kr. Gjaldaheimildir á rekstrargrunni lækkuðu því um 3,6 ma.kr. og um 4,7 ma.kr. á greiðslugrunni.

### Tekjur og gjöld raun og þróun heimilda (ma.kr.)

	<b>Raun</b>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjárukalög</i>	<i>Flutt frá fyrra ári</i>	<b>Heimildir 2013</b>	<b>Frávik</b>
Innheimtar tekjur	<b>544,3</b>	557,7	-14,0	0	<b>543,7</b>	0,6
Greidd gjöld	<b>-570,8</b>	-578,7	4,7	-12,5	<b>-586,5</b>	15,7
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-26,5</b>	<b>-21,0</b>	<b>-9,3</b>	<b>-12,5</b>	<b>-42,8</b>	<b>-15,0</b>
Viðskiptareikningar, nettó	<b>12,2</b>	-4,1	11,3	0	<b>7,2</b>	-5,0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-14,3</b>	<b>-25,1</b>	<b>2,0</b>	<b>-12,5</b>	<b>-35,6</b>	<b>-20,0</b>



Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan þá gerðu fjár- og fjárukalög ráð fyrir að tekjuhalli gæti orðið rúmir 30 ma.kr. og gæti sá halli aukist um 12,5 ma.kr. ef fluttar heimildir yrðu nýttar til fulls. Með sama hætti var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 23,1 ma.kr. og allt að 35,6 ma.kr. ef fluttar innstæður væru fullnýttar. Niðurstaða ársins varð hinsvegar sú að tekjuhalli nam 26,5 ma.kr og er það 3,8 ma.kr betri afkoma en fjár- og fjárukalög gerðu ráð fyrir. Tekjur ársins urðu lítillega hærri en uppfærðar áætlanir í fjárukalögum ársins 2013 gerðu ráð fyrir en gjöldin voru 3,2 ma.kr innan heimilda fjár- og fjárukalaga en 15,7 ma.kr. Þegar tekið er tillit til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári. Frávik skýrast m.a. af 4,5 ma.kr afgangi á launa- og verðlagslið, 5,1 ma.kr. afgangi af heimildum ýmissa sjóða, 3,2 ma.kr afgangi á ýmsum stofnkostnaðarliðum og á safnliðum upp á um 6 ma.kr. Á móti þessu var halli á ýmsum rekstrarliðum þar sem þyngst vegur 2 ma.kr. halli á Landspítala.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 14,3 ma.kr. samanborið við 23,1 ma.kr samkvæmt heimildum fjár- og fjárukalaga án fluttra innstæðna.

Hreint innstreymi á viðskiptareikningum nam 12,2 ma.kr. en í fjárlögum ársins var áætlað 4,1 ma. kr. útstreymi. Helstu skýringar eru vegna greiðslu Seðlabankans á vaxtatekjum af gjaldeyrisforða frá 2012 að fjárhæð 3,9 ma.kr. og því að framlag til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 4,5 ma.kr. var ógreitt í árslok.

## ***Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-desember 2013 (m.kr.)***

	<b><u>2009</u></b>	<b><u>2010</u></b>	<b><u>2011</u></b>	<b><u>2012</u></b>	<b><u>2013</u></b>
Innheimtar tekjur	414.605	461.866	468.147	505.830	544.271
Greidd gjöld	551.457	530.963	525.500	546.289	570.840
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-136.852</b>	<b>-69.097</b>	<b>-57.353</b>	<b>--40.459</b>	<b>-26.569</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-13.579	-4.612	3.980	5.686	12.164
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-150.431</b>	<b>-73.709</b>	<b>-53.373</b>	<b>-34.773</b>	<b>-14.405</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>-11.070</b>	<b>71.523</b>	<b>110.796</b>	<b>-27.105</b>	<b>-18.264</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-161.501</b>	<b>-2.186</b>	<b>57.423</b>	<b>-61.878</b>	<b>-32.669</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-233.172</b>	<b>-235.450</b>	<b>-224.227</b>	<b>-227.825</b>	<b>-98.083</b>
Innanlands	-206.823	-132.628	-88.840	-63.616	-93.186
Erlendis	-26.349	-102.822	-135.387	-164.209	-4.897
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-394.673</b>	<b>-237.636</b>	<b>-166.804</b>	<b>-289.703</b>	<b>-130.752</b>
<b>Lántökur</b>	<b>436.792</b>	<b>329.611</b>	<b>383.044</b>	<b>240.227</b>	<b>51.581</b>
Innanlands	390.031	201.556	151.773	95.939	83.047
Erlendis	46.761	128.055	231.271	144.288	-31.466
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>42.119</b>	<b>91.975</b>	<b>216.240</b>	<b>-49.476</b>	<b>-79.171</b>



**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á árinu 2013 jukust um 7,6% á milli ára og námu alls 544,3 ma.kr. sem er 13,4 ma.kr. eða 2,4% undir tekjuáætlun fjárlaga. Í fjárukalögum fyrir árið 2013 voru áætlaðar tekjur ársins (á greiðslugrunni) lækkaðar um 14,0 ma.kr. í 543,7 ma.kr. og er útkoma ársins 0,6 ma.kr. eða 0,1% yfir þeirri áætlun. Í eftirfarandi umfjöllun verður miðað við upphaflega tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2013 nema annað sé tekið fram.

Skatttekjur- og tryggingagjöld námu 489,0 ma.kr. og jukust um 5,4% á milli ára sem er 2,8 ma.kr. eða 0,6% undir áætlun fjárlaga en 2,0 ma.kr. eða 0,4% yfir endurskoðaðri áætlun fjárukalaga. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 7,8% og nam 109,5 ma.kr. sem er 2,4 ma.kr. yfir áætlun. Tekjuskattur lögaðila jókst um 6,2% og nam 40,5 ma.kr. á árinu sem er 5,8 ma.kr. yfir áætlun. Fjármagnstekjuskattur nam 20,9 ma.kr. sem er fimmtungsaukning á milli ára en 0,5 ma.kr. eða 2,5% undir áætlun fjárlaga.

### Tekjur ríkissjóðs janúar-desember 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>429.675</b>	<b>463.798</b>	<b>489.049</b>	<b>6,5</b>	<b>7,9</b>	<b>5,4</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>147.868</b>	<b>157.097</b>	<b>170.867</b>	<b>6,8</b>	<b>6,2</b>	<b>8,8</b>
Tekjuskattur einstaklinga	92.647	101.613	109.519	4,0	9,7	7,8
Tekjuskattur lögaðila	29.557	38.075	40.453	51,0	28,8	6,2
Skattur á fjármagnstekjur	25.664	17.409	20.895	-13,6	-32,2	20,0
<b>Eignarskattar</b>	<b>10.630</b>	<b>15.091</b>	<b>15.747</b>	<b>14,7</b>	<b>42,0</b>	<b>4,3</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>186.595</b>	<b>203.966</b>	<b>212.084</b>	<b>3,3</b>	<b>9,3</b>	<b>4,0</b>
Virðisaukaskattur	123.548	135.472	141.926	1,5	9,7	4,8
Vörugjöld af ökutækjum	2.732	4.188	4.329	69,8	53,3	3,4
Vörugjöld af bensíni	11.800	11.957	11.533	1,2	1,3	-3,5
Skattar á olíu	6.488	6.894	7.136	1,9	6,3	3,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	15.443	16.426	17.249	4,0	6,4	5,0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	26.584	29.031	29.911	9,0	9,2	3,0
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>7.070</b>	<b>7.645</b>	<b>5.595</b>	<b>16,2</b>	<b>8,1</b>	<b>-26,8</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>11.301</b>	<b>14.656</b>	<b>16.272</b>	<b>44,4</b>	<b>29,7</b>	<b>11,0</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>66.211</b>	<b>65.342</b>	<b>68.485</b>	<b>8,4</b>	<b>-1,3</b>	<b>4,8</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>1.747</b>	<b>1.677</b>	<b>985</b>	<b>38,8</b>	<b>-4,0</b>	<b>-41,3</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>32.912</b>	<b>38.795</b>	<b>53.483</b>	<b>-12,4</b>	<b>17,9</b>	<b>37,9</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>3.814</b>	<b>1.561</b>	<b>754</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>468.147</b>	<b>505.830</b>	<b>544.271</b>	<b>1,4</b>	<b>8,0</b>	<b>7,6</b>

Tekjur af eignarsköttum námu 15,7 ma.kr. á árinu 2013 sem er 0,6 ma.kr. eða 3,8% undir áætlun. Sé horft á tekjuáætlun eftir breytingar í fjárukalögunum eru eignarskattar 0,2 ma.kr. eða 1,0% yfir áætlun. Auðlegðarskattur nam 8,5 ma.kr. sem er 1,0% undir áætlun og stimpilgjöld námu 4,0 ma.kr. sem er 3,1% undir áætlun. Neikvætt frávík í innheimtu auðlegðarskatts var nokkuð mikið á fyrri hluta ársins en hefur nú að mestu gengið til baka eins og búist var við. Á milli áranna 2012 og 2013 jukust eignarskattar um 4,3%, auðlegðarskattur um 9,4% og stimpilgjöld um 18,5%. Þá jókst erfðafjárskattur um 27,2%



milli ára og nam 2,4 ma.kr. sem er 22,2% undir upphaflegri áætlun. Sé miðað við fjárukalög 2013 er erfðafjárskattur þó á áætlun.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 4,0% á milli ára og námu 212,1 ma.kr. sem er 7,7 ma.kr. eða 3,5% undir áætlun en 1,2 ma.kr. undir endurskoðaðri áætlun í fjárukalögum. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, námu 141,9 ma.kr. sem er 5,1 ma.kr. undir áætlun. Virðisaukaskattur skilaði 4,8% meiri tekjum í ár en í fyrra á sama tíma og meðalvísitala neysluverðs hækkaði um 3,9%. Raunaukning er því innan við 1%.

Almenn vörugjöld voru lækkuð um 1,2 ma.kr. í fjárukalögum ársins 2013 og er útkoma ársins í samræmi við þá áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum nam 4,3 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af bensíngjöldum drógust saman um 3,5% á milli ára og námu 11,5 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af olíugjaldi eru aftur á móti um 0,1 ma.kr. yfir áætlun og námu 7,1 ma.kr. á árinu 2013. Kolefnisgjaldið skilaði 3,0 ma.kr. sem er 11,5% undir áætlun fjárlaga en 4,1% undir áætlun fjárukalaga.

Tekjur af áfengis- og tóbaksgjöldum jukust um 5,0% á milli ára og námu samtals 17,3 ma.kr. Þar af námu tekjur af áfengisgjaldi 11,5 ma.kr. og tekjur af tóbaksgjaldi 5,8 ma.kr. og er innheimta beggja gjalda í samræmi við tekjuáætlun eftir breytingar í fjárukalögum. Áfengissala mæld í vínanda var nokkuð svipuð árin 2012 og 2013 þegar á heildina á litið. Heildarsala á tóbaki dróst saman um 18,7% að magninu til en þó jókst sala á reyktóbaki dálítið eða um 4,2%.

Tollar- og aðflutningsgjöld drógust saman um 26,8% á milli árána 2012 og 2013 og námu 5,6 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. undir áætlun. Fóðursjóður var lagður af á árinu 2013 sem skýrir að miklu leyti samdráttinn milli ára. Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 4,8% og námu 68,5 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun. Almenna tryggingagjaldið nam 46,0 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið 19,5 ma.kr. Þá jukust aðrar rekstrartekjur um rúmlega þriðjung á milli ára og námu 53,5 ma.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum. Tekjur af veiðigjöldum námu 11,9 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. eða 7,3% undir áætlun. Loks voru tekjur af sölu eigna 0,8 ma.kr. sem er í samræmi við áætlun fjárukalaga, en í fjárlögum hafði verið gert ráð fyrir 4,6 ma.kr. tekjum af þeim lið.

**Greidd gjöld** námu eins og áður segir tæpum 571 ma.kr. og jukust um 24,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4,5%. Gjöldin voru 15,7 ma.kr. innan heildarheimilda en 3,2 ma.kr. innan heimilda í fjárlögum og fjárukalögum. Þróun á útgjöldum einstaka málaflokka var misjöfn en hér á eftir er frekari greining á breytingu á útgjöldum hvers málaflokks á milli ára og helstu þættir dregnir fram.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-desember 2011-2013**

	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>
Vaxtagreiðslur	64.742	75.570	75.923	16,7	0,5
Almenn opinber þjónusta	47.566	47.883	50.712	0,7	5,9
Almannatryggingar og velferðarmál	140.291	137.325	134.917	-2,1	-1,8
Heilbrigðismál	116.000	120.836	128.990	4,2	6,7
Efnahags- og atvinnumál	56.237	56.061	60.054	-0,3	7,1
Menntamál	45.540	48.968	52.282	7,5	6,8
Menningar, íþróttar og trúmál	16.077	16.134	18.093	0,4	12,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	19.684	21.343	21.617	8,4	1,3
Umhverfisvernd	5.129	5.225	5.573	1,9	6,7
Varnarmál	1.411	1.082	1.237	-23,3	14,4
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	722	986	5.531	36,6	461,0
Óregluleg útgjöld	12.102	14.878	15.911	22,9	6,9
<b>Gjöld alls</b>	<b>525.500</b>	<b>546.289</b>	<b>570.840</b>	<b>4,0</b>	<b>4,5</b>

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 75,9 ma.kr. og eru svipuð og 2012 sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 16,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,4 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 34,3 ma.kr. og jukust um 1,4 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 134,9 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 2,4 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 4,5 ma.kr. milli ára og námu tæpum 63 ma.kr. á tímabilinu. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 12,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega á fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu rúmum 18 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 5,1 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu tæpum 9 ma.kr. og drógust saman um rúma 6 ma.kr. sem skýrist með sérstökum tímabundnum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013. Þá námu greiddar barnabætur 10,4 ma.kr. og voru 2,7 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2012. Útgjöld Fæðingaorlofssjóðs námu 8,4 ma.kr. og jukust um 507 m.kr. milli ára sem var í samræmi við það sem gert var ráð fyrir.

Útgjöld til heilbrigðismála námu tæpum 129 ma.kr. og jukust um 8,2 ma.kr. milli ára. Útgjöld Landspítala námu 40,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 4,2 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri voru 4,9 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Þá námu útgjöld heilbrigðisstofnana 15,3 ma.kr. og jukust um 1,1 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 31,9 ma.kr. og jukust um tæpan 1,5 ma.kr. milli ára. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu tæpum 20 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um tæpar 600 m.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um tæpa 4 ma.kr. á milli ára og námu 60,1 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld Vegagerðarinnar sem námu 19,5 ma.kr. og aukast um 2,7 ma.kr. og greiðslur til landbúnaðarframleiðslu sem námu samtals um 13 ma.kr. á árinu. Útgjöld til menntamála námu 52,3 ma.kr. á síðasta ári og voru 3,3 ma.kr. hærri en á árinu 2012. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8,5 ma.kr. og jukust



Lítillega milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu 11,9 ma.kr. á árinu sem er aukning um rúman 1 ma.kr. frá fyrra ári. Útgjöld vegna annarra háskóla námu tæpum 6,7 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til framhaldsskóla námu 22,7 ma.kr. og jukust um 1,3 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til menningar- íþróttá og trúmála námu 18,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um tæpa 2 ma.kr. Helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 3,2 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals um 5 ma.kr.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 21,6 ma.kr. og jukust um 274 m.kr. milli ára. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 3,6 ma.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem voru 3,2 ma.kr. Útgjöld Ríkislögreglustjóra námu tæpum 1,4 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Útgjöld Héraðsdómstóla námu um 1,4 ma.kr. og útgjöld Sérstaks saksóknara tæpum 1,2 ma.kr. Þá námu útgjöld Fangelsismálastofnunar ríkisins 1,4 ma.kr. Útgjöld til umhverfisverndar námu 5,6 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Helstu útgjaldabættir málaflokksins eru útgjöld Endurvinnslunnar sem námu 1,7 ma.kr., útgjöld Umhverfisstofnunar sem námu rúmum 1 ma.kr. og útgjöld Úrvinnslusjóðs sem námu 861 m.kr. Útgjöld til varnarmála námu 1,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um lítillega á milli ára. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 5,5 ma.kr. og jukust milli ára um 4,5 ma.kr. Aukningin skýrist að langstærstu leyti með 4,5 ma.kr. greiðslu til Íbúðalánasjóðs. Óregluleg útgjöld námu 15,9 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. á milli ára. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 10,4 ma.kr. og jukust um 790 m.kr. milli ára og greiddur fjármagnstekjuskattur nam 5,3 ma.kr. og jókst um 1,7 ma.kr. milli ára.

## Lánsfjárfjöfndur ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfndur var neikvæður um 32,7 milljarða króna við lok árs 2013 en á sama tíma 2012 var hann neikvæður um tæpa 61,9 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárframlags til Íbúðalánasjóðs sem gjaldfært var á árinu 2012, að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á árinu námu 93,2 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga. Greiddar erlendar afborganir námu að jafnvirði 4,9 milljörðum króna.

Á árinu gaf ríkissjóður út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 83 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam um 89 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam um 21 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárukningar Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um tæpa 17 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,6 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um tæpa 32 ma.kr. í lok desember vegna styrkingar krónu frá áramótum og erlend lántaka ársins nam 0,4 ma.kr.